

Ár 2021, fimmtudaginn 8. júlí, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af meðlimum nefndarinnar Gunnari Guðmundssyni, Helga R. Magnússyni og Presti Ríkharðssyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 7/2021:**

Knattspyrnudeild Vestra  
gegn  
Knattspyrnudeild Breiðabliks

Gögn málsins liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

I.

**Kærandi:**

Knattspyrnudeild Vestra, kt. 410897-2619  
Suðurgötu 12  
400 Ísafjörður  
Fyrirsvarsmaður: Kristján Kristjánsson

**Kærði:**

Knattspyrnudeild Breiðabliks, kt. 410284-1389  
Dalsmára 5  
Fyrirsvarsmaður: Eysteinn Pétur Lárusson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 18. júní 2021. Í greinargerð sem barst frá Breiðablik til skrifstofu KSÍ var brot viðurkennt af hálfu félagsins.

II.

**Kröfur:**

Kærandi krefst þess að úrslitum í leik Breiðablik/Augnablik 2 við Vestra í B-deild Íslandsmóts 2. flokks kvenna, sem leikinn var 13. júní sl. í Fagralundi, verði breytt og Vestra verði úrskurðaður 0-3 sigur í leik liðanna.

Eins og áður segir þá hefur kærði viðurkennt brot sitt í málinu.

III.

**Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum svo að þann 13. júní 2021 hafi Breiðablik/Augnablik 2 og Vestri mæst á Íslandsmótinu í 2.fl. kvk B-deild á gervigrasi Breiðablik/Augnablik 2 í Fagralundi. Í þeim leik hafi þrír leikmenn verið í byrjunarliði Breiðablik/Augnablik 2 (sjá leikskýrslu) sem allar spiluðu með liði Breiðablik/Augnablik í A-deild þann 3. júní gegn Stjörnunni/Álftanes (sjá leikskýrslu). Leikmennirnir sem um ræðir eru: Sólrún Ósk Snæfeld Helgadóttir, Silja Mist Ágústsdóttir og Helga Kristinsdóttir

Með tilvísun til reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót sé slíkt skýrt brotum á reglum og verðskuldi að Breiðablik sé dæmdur ósigur.

Kærandi vísar til leikskýrslna á vef KSÍ máli sínu til staðfestingar.

#### IV.

##### **Niðurstaða:**

Í máli þessu er kært vegna þess að því er haldið fram að hið kærða félag Breiðablik hafi teft fram ólöglega skipuðu liði í leik Breiðablik/Augnablik 2 og Vestri í B-deild Íslandsmóts 2. flokks kvenna, sem leikinn var 13. júní sl. í Fagralundi, Kópavogi. Kærði hefur viðurkennt brot sitt í málinu. Þá liggur fyrir í gögnum málsins að í umræddum leik hafi a.m.k. þrír leikmenn tekið þátt í leiknum sem einnig höfðu verið á meðal byrjunarliðsmanna í næsta leik á undan með A-liði félagsins í sama aldursflokki. Stangast það á við ákvæði 7.5.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Um ræðir leik Breiðablik/Augnablik og Stjarnan/Álftanes í A-deild 2. flokks kvenna, sem fram fór þann 3. júní 2021.

Verður því að taka kröfur kæranda til greina og breyta úrslitum í umræddum leik málsaðila á þann veg að kæranda, Vestra, er úrskurðaður 0-3 sigur í leik liðanna þann 13. júní 2021 í B-deild Íslandsmóts 2. flokks kvenna.

Skylt er samkvæmt grein 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að úrskurða kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 25.000,- í sekt til KSÍ.

#### V.

##### **Úrskurðarorð:**

Úrslitum í leik Breiðabliks/Augnabliks 2 og Vestra í B-deild Íslandsmóts 2. flokks kvenna, sem leikinn var í Fagralundi þann 13. júní sl., er breytt og Vestra úrskurðaður 0-3 sigur í leiknum.

Kærði, Breiðablik, greiði kr. 25.000,- í sekt til KSÍ.

##### **Um Áfrýjun:**

Samkvæmt grein 16.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Gunnar Guðmundsson [sign]

Helgi R. Magnússon [sign]

Þröstur Ríkharðsson [sign]